

Reifun á úrskurði nr. 5/2015 - Málverk

B kærði ákvörðun Tollstjóra um að leggja virðisaukaskatt á málverk sem B keypti af grískum listamanni og flutti til landsins. B taldi sig ekki eiga að greiða virðisaukaskatt af umræddu málverki þar sem kveðið er á um undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts á málverk í 4. tl. 36. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Niðurstaða: Til að njóta umræddrar undanþágu þurfa listaverk að uppfylla tvö skilyrði, að listamaðurinn sjálfur sé innflytjandi og að verkið flokkist í tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Tollstjóri hafnaði því að umrædd sending gæti fallið undir áðurgreinda undanþágu þar sem kærandi var sjálfur skráður sem innflytjandi sendingarinnar. Vísaði Tollstjóri til skýrs orðalags áðurgreinds ákvæðis og þeirrar almennu lögskýringarreglu að allar undanþágur frá skattskyldu skulu túlka þröngt. Varð því ákvörðun um álagningu virðisaukaskatt staðfest.